


Bankareikningur

Alltaf skal skrá bankareikning á starfsmann



Mynd 1. Einstaklingsmyndin


Þegar smellt er á „Annað” hnappinn, þá opnast valmyndin sem mynd er af hér til hliðar, farið með bendilinn á „Bankareikningur” og smellt á OK hnappinn eða Enter.

Mynd 2. Valmyndbankivalinn


Bankareikningur

2.

Þá opnast „Greiðslumáta-glugginn“ og hægt er að skrá í „Greiðslufyrirkomulag“ svæðið: **Innlagt** eða smella á punktana þrjá fyrir aftan og þá kemur upp valmynd, þar sem valið er Innlagt



Mynd 3. Greiðslumáti




Mynd 4. Valmyndgreiðslufyrirkomulag



Ávísun er eingöngu notuð fyrir dánarbú og í sérstökum öðrum tilvikum þegar ekki næst í starfsmann til að fá bankareikning viðkomandi. Það veldur töfum á launaafgreiðslum til hans vegna þess að beðið er eftir því að bankareikningur sé til svo hægt sé að leggja inn á hann.

3.


Alla Gulu reitina skal fylla út. Setja skal númer banka(Banki), númer höfuðbókar (Hb) og númer bankareiknings (Reikn.nr). Nafn og heimilisfang bankans birtist fyrir neðan



Mynd 5. Greiðslumáti útfyllt svæði


4.

Næst skal vista aðgerðina með því að ýta samtímis á <Ctrl>+<S>. Um leið og vistað er athugar Oracle hvort bankareikningurinn sé gildur fyrir viðkomandi starfsmann. Ef reikningurinn er fyrir hendi, þá mun starfsmaðurinn fá greitt inná hann í næstu útborgun. Ef reikningurinn er ekki til eða rangt slegið inn, þá kemur tilkynning um villu.



Mynd 6. Villa vegna skráningar á bankareikningi

Að síðstu kemur staðfesting, á breytingu bankareiknings, og þar sem við erum að skrá nýjan reikning í fysta skipti þá er valið „Leiðrétting“.



Mynd 7. Staðfesting á breytingu

Bankareikningur

Að breyta bankareikningi

1.

Smellt er á hnappinn „Annað” inni í „Einstaklingsskráningarmyndinni”. og valið Bankareikningur eins og sagt var frá hér að framan

2.

Þá opnast „Greiðslumáta-glugginn” og nú þarf einungis að skrá í „Banki” svæðið og skrá nýjan banka, höfðubók eða reikningsnúmer

Greiðslumáti (Jón Jónsson)

Greiðslumáti

Reikningur

2. Greiðslufyrirkomulag

Afhendingarstaður

2. Banki Hb Reikn.nr

xx hér birtist nafnið á bankanum

Gildistími

Frá Til

Mynd 8. Skrá breytingu á Bankareikningi

Næst skal vista aðgerðina með því að ýta samtímis á <Ctrl>+<S>. Um leið og vistað er athugar Oracle hvort bankareikningurinn sé til skráður á viðkomandi starfsmann.

Að síðstu kemur staðfesting, á breytingu bankareiknings, og þar sem við erum ekki að skrá nýjan reikning í fysta skipti þá er valið „Uppfæra”, því þá geymist sagan.

Veljið möguleika:

2. Geyma sögu núverandi upplýsinga

Leiðrétta núverandi upplýsingar

Mynd 9. Vista með því að uppfæra